

4 vikna frá birtingu dóms þessa, er fullnægja ber að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 31. janúar 1941.

Mál þetta hefur höfðað Steinn Steinsen bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar Akureyrar með stefnu, dags. 16. september 1940, gegn hreppsnefnd Grimseyjarhrepps, þeim oddvita Magnúsi Simonarsyni Grenivík, Jakobi Helgasyni Sjólandi og Óla Bjarnasyni Sveinsstöðum, til greiðslu á sveitarskuld, sem bæjarsjóður hefur greitt vegna gamalmennisins Sigurðar Jónssonar, að upphæð kr. 1793.59, auk 5% ársvaxta frá 16. september 1940. Enn fremur krefst stefnandinn málskostnaðar.

Stefndi, hreppsnefnd, krefst algerðrar sýkunar, en til vara, að hún verði ekki dæmd til að greiða nema $\frac{2}{3}$ hinnar umstefndu upphæðar. Enn fremur krefst hreppsnefndin málskostnaðar.

Ágreiningur sá, sem ræðir um í máli þessu, er á milli sveitarstjórna, og samkv. 81. gr. framfærslulaganna skal yfirvald skera úr slíkum ágreiningi. Samkvæmt þessu ber að visa málinu frá ex officio.

Í málskostnað greiði stefnandinn stefndum kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Málinu visast frá réttinum ex officio. Í málskostnað greiði Steinn Steinsen f. h. bæjarsjóðs hreppsnefnd Grimseyjarhrepps, Magnúsi Simonarsyni oddvita, Jakobi Helgasyni og Óla Bjarnasyni, kr. 200.00.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. apríl 1941.

**Kærumálið nr. 4/1941. Verzlun Sigfúsar Sveinssonar
gegn**

Snæbirni Jónssyni.

Ákvörðun um dómtöku og frest. — Endurupptökukröfu hrundið.

Dómur hæstaréttar.

Þann 26. marz þ. á. var þingfest í bæjarþingi Reykjavíkur málið nr. 114/1941: Snæbjörn Jónsson gegn Verzlun Sigfúsar Sveinssonar. Var málið höfðað til heimtu andvirðis

bóka, sem stefnandi taldi stefnda til skuldar, eða til vara til skila óseldra bóka. Við þingfestingu var ekki sótt þing af hendi stefnda, en umboðsmaður stefnanda tók frest í málinu. Þann 2. þ. m. var því næst háð þing í málinu, er sótt var af hendi beggja aðilja. Umboðsmaður stefnda bað nú um 14 daga frest, er andmælt var af annari hálfu. Í tilefni af þessu bókaði dómarrinn, Björn Þórðarson lögmaður, svo látandi ákvörðun sína: „Samkvæmt kröfu stefnanda og þar sem stefndur hefur ekki sannað forföll síðasta réttardag, tók rétturinn málið undir dóm.“ Þessa ákvörðun héraðsdómarans hefur sóknaraðili, Verzlun Sigfúsar Sveinssonar, kært til hæstaréttar með bréfi 5. þ. m., er hingað barst 12. s. m., og krafist þess, að lagt verði fyrir héraðsdómarann að taka málið upp af nýju, veita sér frest til að bera fram varnir í því og að sér verði dæmdur kostnaður af kærumálinu úr hendi varnaraðilja. Varnaraðili hefur í greinargerð 15. þ. m., er hingað barst sama dag, krafist þess aðallega, að kærumáli þessu verði vísað frá hæstarétti, en til vara, að dómtaka þess verði staðfest. Svo krefst hann og kostnaðar af kærumálinu úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Ákvörðun dómara um frestsynjun og dómtöku máls þykir eiga að sæta kæru til æðra dóms, og verður frávisunar-krafan því ekki tekin til greina.

Með því að stefndi kom ekki fyrir dóm, þegar málið var þingfest, enda þótt honum væri löglega stefnt, og ekkert hefur komið fram um forföll hans, átti hann ekki heimtingu á að taka til varna í málinu gegn mótmælum stefnanda, sbr. 2. málsg. 118. gr. laga nr. 85/1936, og ber því að staðfesta hina kærðu ákvörðun dómarsins.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja 50 krónur í kærukostnað.

Því dæmist rétt vera:

Hin kærða dómsákvörðun á að vera óröskuð.

Sóknaraðili, Verzlun Sigfúsar Sveinssonar, greiði varnaraðilja, Snæbirni Jónssyni, kr. 50.00 í kærukostnað að viðlagðri aðför að lögum.